

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulag, Gröf og Laxárhlið, reitur M2, miðsvæði á Flúðum.*

Deiliskipulagið tekur til svæðis sem afmarkast af Gröf, landnr. 166755 og Laxárhlið, landnr. 166800, sem skilgreint er sem miðsvæði M2 í gildandi aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032. Reitur M2 er skilgreindur sem verslunar- og þjónustusvæði en einnig er gert ráð fyrir íbúðum. Byggðin er áætluð lágreist og er gert ráð fyrir 30-50 íbúðum í fjölbreyttu íbúðarformi, allt frá einbýlishúsum til lítilla fjölbýla svo og íbúðum á efri hæðum verslunar- og þjónustuhúsasvæða. Gert er ráð fyrir göngubru yfir Litlu-Laxá sem liggja mun að skóla- og þjónustusvæði á Flúðum.

Samþykkt í sveitarstjórn 4. október 2018.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 5. júlí 2019.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Rúnar Guðmundsson.**